

## AUGLÝSING

### **um samning við Kína um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi á æðra skólastigi.**

Samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytis Lýðveldisins Íslands og menntamálaráðuneytis Alþýðulýðveldisins Kína um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi á æðra skólastigi, sem gerður var í Peking 13. maí 2019, öðlast gildi 1. júní 2021.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 30. apríl 2021.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

---

*Martin Eyjólfsson.*

**Fylgiskjal.**

SAMNINGUR MILLI  
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS  
LÝÐVELDISINS ÍSLANDS  
OG  
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIS  
ALÞÝÐULÝÐVELDISINS KÍNA  
UM GAGNKVÆMA VIÐURKENNINGU Á PRÓFSKÍRTEINUM, GRÁÐUM  
OG STAÐFESTINGUM Á MENNTUN OG HÆFI Á ÆÐRA SKÓLASTIGI

Menntamálaráðuneyti Alþýðulýðveldisins Kína og mennta- og menningarmálaráðuneyti lýðveldisins Íslands (hér á eftir nefnd „samningsaðilar“), sem hafa í hyggju að greiða fyrir samstarfi á sviði menntunar og vísinda og að efla hreyfanleika hæfileikafólks milli landanna tveggja (2), hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

## 1. gr.

*Tilgangur.*

Samningur þessi miðar að því að greiða fyrir aðgangi að æðri menntun og atvinnu og að gagnkvæmri viðurkenningu á prófskírteinum og gráðum á æðra skólastigi í Alþýðulýðveldinu Kína og á staðfestingum á menntun og hæfi á æðra skólastigi í lýðveldinu Íslandi.

## 2. gr.

*Gildissvið.*

Samningurinn tekur til prófskírteina og gráða á æðra skólastigi sem viðurkenndar æðri menntastofnanir og rannsóknastofnanir í Alþýðulýðveldinu Kína gefa út og staðfestinga á menntun og hæfi á æðra skólastigi sem æðri menntastofnanir, sem viðurkenndar eru samkvæmt lögum lýðveldisins Íslands, gefa út.

## 3. gr.

*Uppbygging prófskírteina, gráða og staðfestinga á menntun og hæfi á æðra skólastigi í Kína og á Íslandi.***1. Prófskírteini og gráður á æðra skólastigi í Kína.**

Samkvæmt lögum Alþýðulýðveldisins Kína eru prófskírteini á æðra skólastigi í Kína brautskráningarskírteini af sérstakri námsleið (Zhuanke), brautskráningarskírteini af hefðbundinni námsleið, brautskráningarskírteini (á meistarastigi) og brautskráningarskírteini (á doktorsstigi); gráður á æðra skólastigi í Kína eru bakkalárgráða, meistaragráða og doktorsgráða.

**Brautskráningarskírteini af sérstakri námsleið (Zhuanke).**

Brautskráður nemandi af framhaldsskólastigi eða nemandi með samsvarandi menntunarstig getur stundað nám hjá æðri menntastofnun eftir að hafa staðist landsbundið inntökupróf í háskóla og fengið inngöngu. Gefa má út brautskráningarskírteini af sérstakri námsleið (Zhuanke) til handa nemanda, sem hefur lokið tveggja (2) til þriggja (3) ára námi að uppfylltum viðeigandi kröfum.

Nemandi getur einnig fengið brautskráningarskírteini af sérstakri námsleið (Zhuanke) með því að standast landspróf fyrir sjálfmenntaða nemendur að uppfylltum viðeigandi kröfum.

**Brautskráningarskírteini af hefðbundinni námsleið og bakkalárgráða.**

Brautskráður nemandi af framhaldsskólastigi eða nemandi með samsvarandi menntunarstig getur stundað nám hjá æðri menntastofnun eftir að hafa staðist landsbundið inntökupróf í háskóla og uppfyllt inntökuskilyrði. Gefa má út brautskráningarskírteini af hefðbundinni námsleið til handa nemanda, sem lokið hefur fjögurra (4) ára námsleið við æðri menntastofnun (fimm (5) ára námsleið ef um er að ræða lækisfræði eða tiltekna aðrar aðalgreinar) að uppfylltum viðeigandi kröfum, og gefa má út bakkalárgráðu honum til handa uppfylli hann með fullnægjandi hætti kröfur varðandi gráðuna.

Handhafi brautskráningarskírteinis af sérstakri námsleið (Zhuanke) eða nemandi með samsvarandi menntunarstig getur einnig fengið brautskráningarskírteini af hefðbundinni námsleið með því að standast landspróf fyrir sjálfmenntaða nemendur að uppfylltum viðeigandi kröfum, og á rétt á að sækja um og fá útgefna bakkalárgráðu uppfylli hann með fullnægjandi hætti kröfur varðandi gráðuna.

#### **Brautskráningarskírteini (á meistarastigi) og meistaragráða.**

Handhafi bakkalárgráðu eða nemandi með samsvarandi menntunarstig getur fengið inngöngu í meistaranám hjá æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun ef hann stenst inntökupróf fyrir tveggja (2) eða þriggja (3) ára nám eða rannsóknir, og gefa má út brautskráningarskírteini (á meistarastigi) honum til handa að uppfylltum viðeigandi kröfum, og meistaragráðu uppfylli hann með fullnægjandi hætti kröfur varðandi gráðuna.

Handhafi bakkalárgráðu getur einnig, með hlutanámi, sótt um og fengið útgefna meistaragráðu uppfylli hann með fullnægjandi hætti kröfur varðandi gráðuna.

#### **Brautskráningarskírteini (á doktorsstigi) og doktorsgráða.**

Handhafi meistaragráðu eða nemandi með samsvarandi menntunarstig getur fengið inngöngu í doktorsnám hjá æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun ef hann stenst inntökupróf fyrir þriggja (3) eða fjögurra (4) ára nám eða rannsóknir, og gefa má út brautskráningarskírteini (á doktorsstigi) honum til handa að uppfylltum viðeigandi kröfum, og doktorsgráðu uppfylli hann með fullnægjandi hætti kröfur varðandi gráðuna.

Handhafi meistaragráðu eða nemandi með samsvarandi menntunarstig getur einnig sótt um og fengið útgefna doktorsgráðu með hlutanámi sem leiðir til þess að hann uppfyllir með fullnægjandi hætti kröfur varðandi gráðuna.

Sumar æðri menntastofnanir eða rannsóknastofnanir, sem hafa heimild til að gefa út doktorsgráður, bjóða samþættar námsleiðir til meistara- og doktorsgráðu. Handhafi bakkalárgráðu, sem skráður er í slíka námsleið, getur fengið útgefna doktorsgráðu eftir a.m.k. fimm (5) ára nám eða rannsóknir sem leiða til þess að hann uppfyllir viðeigandi kröfur með fullnægjandi hætti.

## **2. Staðfestingar á menntun og hæfi að loknu námi á æðra skólastigi á Íslandi.**

Samkvæmt innlendum ramma lýðveldisins Íslands um menntun og hæfi eru staðfestingar á menntun og hæfi að loknu námi á æðra skólastigi á Íslandi: diplómapróf, bakkalárróf, viðbótarpróf á meistarastigi, kandidatepróf, meistarapróf og doktorspróf.

#### **Diplómapróf.**

Nemandi sem staðist hefur stúdentspróf eða er með samsvarandi menntunarstig má sækja um diplómanám á Íslandi. Æðri menntastofnanir eða einstakar deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu stúdentsprófsins og áherslur þess. Gefa má út diplómagráðu til handa nemanda sem hefur lokið með fullnægjandi hætti eins (1) til tveggja (2) ára námi á þessu stigi með 60–120 ECTS-einingum og að öðrum kröfum námsleiðarinnar uppfylltum.

#### **Bakkalárróf.**

Nemandi sem staðist hefur stúdentspróf eða er með samsvarandi menntunarstig má sækja um nám á fyrsta háskólaþrepi á Íslandi. Æðri menntastofnanir eða einstakar deildir geta gert sérstakar kröfur um samsetningu stúdentsprófsins og áherslur þess. Gefa má út bakkalárgráðu til handa nemanda sem hefur lokið með fullnægjandi hætti þriggja (3) eða fjögurra (4) ára námi á þessu stigi með 180-240 ECTS-einingum og að öðrum kröfum námsleiðarinnar uppfylltum.

Nemandi sem lokið hefur diplómanámi getur bætt við einu (1) námsári í sinni grein og brautskráðst með bakkalárróf.

#### **Viðbótarpróf á meistarastigi.**

Nemandi sem hefur nám á öðru háskólaþrepi skal hafa lokið bakkalárrófi. Gert er ráð fyrir að nemandi fari inn á námsleið sem byggir á þeim hæfniviðmiðum sem viðkomandi hefur náð í námi sínu á bakkalárstigi. Gefa má út viðbótargráðu á meistarastigi til handa nemanda sem hefur lokið með fullnægjandi hætti 30–120 ECTS-einingum af skipulagðri námsleið til viðbótarprófs á meistarastigi og að öðrum kröfum námsleiðarinnar uppfylltum.

**Kandídatspróf.**

Nemandi sem hefur nám á öðru háskólaþrepi skal hafa lokið bakkalárprófi. Gert er ráð fyrir að nemandi fari inn á námsleið sem byggir á þeim hæfniviðmiðum sem viðkomandi hefur náð í námi sínu á bakkalárstigi. Gefa má út kandídatsgráðu til handa nemanda sem hefur lokið með fullnægjandi hætti 120-180 ECTS-einingum af skipulagðri námsleið til viðbótarprófs á meistarastigi og að öðrum kröfum námsleiðarinnar uppfylltum.

**Meistarapróf.**

Nemandi sem hefur nám á öðru háskólaþrepi skal hafa lokið bakkalárprófi. Gert er ráð fyrir að nemandi fari inn á námsleið sem byggir á þeim hæfniviðmiðum sem viðkomandi hefur náð í námi sínu á bakkalárstigi. Gefa má út meistaragráðu til handa nemanda sem hefur lokið með fullnægjandi hætti 90-120 ECTS-einingum af skipulagðri námsleið á meistarastigi og krafist er rannsóknarverkefnis til a.m.k. 30 ECTS-eininga.

**Doktorspróf.**

Nemandi sem hefur nám á þriðja háskólaþrepi (doktorsnám (PhD)) skal hafa lokið meistaraprófi eða kandídatsprófi. Æðri menntastofnanir á Íslandi eða einstakar deildir þeirra geta krafist ákveðinnar lágmarkseinkunnar og sett sérstakar reglur um inntöku og hæfi nemandans. Æðri menntastofnun má gefa út doktorsgráðu til handa nemanda sem hefur lokið a.m.k. 180 ECTS-einingum af skipulagðri námsleið á doktorsnámsstigi. Doktorspróf skal innihalda rannsóknarverkefni sem stenst alþjóðleg viðmið um doktorsverkefni.

## 4. gr.

*Aðgangskröfur æðri menntastofnana og rannsóknarstofnana í Kína til íslenskra nemenda.*

1. Æðri menntastofnanir og rannsóknastofnanir í Kína áskilja sér rétt til að ákveða þær staðfestingar á menntun og hæfi, einkunnir og prófniðurstöður sem krafist er til inngöngu á allar námsleiðir í samræmi við sínar eigin reglur.
2. Nemandi sem lokið hefur námi á framhaldsskólastigi á Íslandi eða viðbótarstigi sem ekki er á háskólastigi með því að standast stúdentspróf getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleið við æðri menntastofnun sem leiðir til brautskráningarskírteinis af sérstakri námsleið (Zhuanke) í Kína að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
3. Nemandi sem lokið hefur námi á framhaldsskólastigi á Íslandi eða viðbótarstigi sem ekki er á háskólastigi með því að standast stúdentspróf getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleið við æðri menntastofnun sem leiðir til brautskráningarskírteinis af hefðbundinni námsleið og/eða bakkalárgráðu í Kína að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
4. Nemandi sem er brautskráður úr diplómanámi og er með diplómagráðu frá Íslandi getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleið við æðri menntastofnun sem leiðir til brautskráningarskírteinis af hefðbundinni námsleið og/eða bakkalárgráðu í Kína að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
5. Handhafi bakkalárgráðu sem gefin er út af viðurkenndri æðri menntastofnun á Íslandi getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleið við æðri menntastofnun sem leiðir til brautskráningarskírteinis (á meistarastigi) og/eða meistaragráðu í Kína að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar eða rannsóknastofnunar.
6. Handhafi kandídatsgráðu sem gefin er út af viðurkenndri æðri menntastofnun á Íslandi getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleið við æðri menntastofnun sem leiðir til brautskráningarskírteinis (á doktorsstigi) og/eða doktorsgráðu í Kína að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar eða rannsóknastofnunar.
7. Handhafi meistaragráðu sem gefin er út af viðurkenndri æðri menntastofnun á Íslandi getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleið við æðri menntastofnun sem leiðir til brautskráningarskírteinis (á doktorsstigi) og/eða doktorsgráðu í Kína að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar eða rannsóknastofnunar.

## 5. gr.

*Aðgangskröfur æðri menntastofnana á Íslandi til kinværskra nemenda.*

1. Æðri menntastofnanir á Íslandi áskilja sér rétt til að ákveða þær staðfestingar á menntun og hæfi, einkunnir og prófniðurstöður sem krafist er til inngöngu á allar námsleiðir í samræmi við sínar eigin reglur.
2. Brautskráður nemandi af framhaldsskólastigi eða nemandi með samsvarandi menntunarstig frá menntastofnun, sem viðurkennd er af hinu opinbera í Kína eða annars staðar, getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til diplómaprófs á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
3. Brautskráður nemandi af framhaldsskólastigi eða nemandi með samsvarandi menntunarstig frá menntastofnun, sem viðurkennd er af hinu opinbera í Kína eða annars staðar, getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til bakkalárprófs á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
4. Handhafi brautskráningarskírteinis af sérstakri námsleið (Zhuanke) eða nemandi með samsvarandi menntunarstig frá viðurkenndri menntastofnun í Kína getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til bakkalárprófs á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
5. Handhafi brautskráningarskírteinis af hefðbundinni námsleið og/eða bakkalárgráðu frá viðurkenndri æðri menntastofnun í Kína getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til viðbótarprófs á meistarastigi á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
6. Handhafi brautskráningarskírteinis af hefðbundinni námsleið og/eða bakkalárgráðu frá viðurkenndri æðri menntastofnun í Kína getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til kandídatsprófs á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
7. Handhafi brautskráningarskírteinis af hefðbundinni námsleið og/eða bakkalárgráðu frá viðurkenndri æðri menntastofnun í Kína getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til meistaraprófs á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.
8. Handhafi brautskráningarskírteinis (á meistarastigi) og/eða meistaragráðu frá viðurkenndri æðri menntastofnun eða rannsóknastofnun í Kína getur komið til greina að því er varðar inngöngu á námsleiðir við æðri menntastofnanir sem leiða til doktorsprófs á Íslandi að því tilskildu að hann uppfylli sérstakar kröfur viðkomandi æðri menntastofnunar.

## 6. gr.

*Fylgni við landslög.*

1. Sú viðurkenning á prófskírteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi sem kveðið er á um í þessum samningi veitir handhöfum þeirra ekki undanþágu frá því að þurfa að uppfylla sérstakar kröfur varðandi inngöngu sem æðri menntastofnunin eða rannsóknastofnunin, þar sem sótt er um inngöngu, setur.
2. Viðurkenning á prófskírteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi að því er varðar það að leggja stund á starfsgrein heyrir undir lög hvors samningsaðila um sig.

## 7. gr.

*Uppfærsla upplýsinga.*

Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum eftir diplómátskum leiðum um hvers konar breytingar ríkjanna á menntakerfum sínum, prófskírteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi sem þessi samningur tekur til.

## 8. gr.

*Lausn ágreiningsmála.*

Komi upp ágreiningur milli samningsaðilanna um túlkun eða framkvæmd samnings þessa skal leysa hann í vinsemd með samráði og samningaviðræðum milli samningsaðilanna.

9. gr.  
*Breytingar.*

Gera má breytingar á samningi þessum með gagnkvæmu samþykki samningsaðilanna. Breytingartillögur skulu kynntar með erindaskiptum milli samningsaðilanna eftir diplómátskum leiðum. Samþykktar breytingar skulu vera óaðskiljanlegur hluti þessa samnings.

10. gr.  
*Sérfræðinganefnd.*

1. Til að auðvelda framkvæmd samnings þessa skulu samningsaðilarnir, fyrir milligöngu framkvæmdaryfirvalda sinna á sviði menntamála, koma á fót sérfræðinganefnd með eftirfarandi verksvið:
  - a) að ræða og skýra mál sem upp koma vegna túlkunar eða beitingar þessa samnings og
  - b) að undirbúa og ræða tillögur að breytingum á texta þessa samnings.
2. Upplýsingar um skipan sérfræðinganefndarinnar skal senda eftir diplómátskum leiðum.
3. Boða má til funda í sérfræðinganefndinni að beiðni hvors samningsaðila um sig. Komast skal að samkomulagi um fundarstað og tíma eftir diplómátskum leiðum.

11. gr.  
*Lögbær yfirvöld.*

Lögbær yfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd þessa samnings eru:

- a) að því er varðar ríkisstjórn Alþýðulýðveldisins Kína, menntamálaráðuneyti Alþýðulýðveldisins Kína og
- b) að því er varðar ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneyti Lýðveldisins Íslands.

12. gr.  
*Gildistaka og uppsögn.*

1. Samningur þessi er gerður til óákveðins tíma og öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag þegar síðasta skriflega tilkynningin berst frá samningsaðilum eftir diplómátskum leiðum um að öll nauðsynleg lagaleg skilyrði landanna vegna gildistöku samningsins hafi verið uppfyllt.
2. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu til hins samningsaðilans eftir diplómátskum leiðum. Í því tilviki skal uppsögn samningsins öðlast gildi sex (6) mánuðum eftir þann dag þegar tilkynning um uppsögn barst hinum samningsaðilanum.
3. Uppsögn þessa samnings hefur ekki áhrif á ákvarðanir um viðurkenningu á prófskírteinum, gráðum og staðfestingum á menntun og hæfi sem samþykktar eru fyrir uppsögn samningsins og sem teknar hafa verið í samræmi við ákvæði hans.
4. Ákvæði samningsins skulu eiga við um prófskírteini, gráður og staðfestingar á menntun og hæfi sem gefin eru út af viðurkenndum æðri menntastofnunum og rannsóknastofnunum í Alþýðulýðveldinu Kína og Lýðveldinu Íslandi eftir gildistöku samnings þessa og fyrir uppsögn hans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað og innsiglað samning þennan í þremur (3) frumritum á kínversku, íslensku og ensku og eru allir textarnir jafngildir. Ef ágreiningur rís um túlkun skal enski textinn ráða.

GJÖRT í Peking, 13. maí árið 2019.

Fyrir hönd mennta- og menningarmálaráðuneytis  
Lýðveldisins Íslands:

Lilja Alfreðsdóttir.

Fyrir hönd menntamálaráðuneytis  
alþýðulýðveldisins Kína:

Chen Baosheng.

AGREEMENT BETWEEN  
THE MINISTRY OF EDUCATION, SCIENCE AND CULTURE  
OF THE REPUBLIC OF ICELAND  
AND  
THE MINISTRY OF EDUCATION  
OF THE PEOPLE'S REPUBLIC OF CHINA  
ON MUTUAL RECOGNITION OF HIGHER EDUCATION CERTIFICATES, DEGREES  
AND QUALIFICATIONS

Intending to facilitate cooperation in education and science, and to promote talent mobility between the two (2) countries, the Ministry of Education of the People's Republic of China and the Ministry of Education, Science and Culture of the Republic of Iceland (hereinafter referred to as 'Parties') have agreed as follows:

Article 1

*Purpose.*

The Agreement aims to facilitate the access to higher education and employment, and the mutual recognition of higher education certificates and degrees in the People's Republic of China, and higher education qualifications in the Republic of Iceland.

Article 2

*Scope.*

The Agreement relates to higher education certificates and degrees awarded by recognised higher education institutions and research institutes of the People's Republic of China, and higher education qualifications awarded by higher education institutions recognised according to the legislation of the Republic of Iceland.

Article 3

*Structures of higher education certificates, degrees  
and qualifications in China and Iceland.*

**1. Higher education certificates and degrees in China**

According to the legislation of the People's Republic of China, higher education certificates in China include the Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke), the Graduation Certificate of Regular Course Education, the Graduation Certificate (Master's Level) and the Graduation Certificate (Doctoral Level); higher education degrees in China include the Bachelor's Degree, the Master's Degree, and the Doctoral Degree.

**Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke)**

A senior secondary school graduate or a student with the equivalent education level, after passing the National College Entrance Examination and being admitted, may study at a higher education institution. The student may be awarded the Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke) upon completion of a two (2)-year to three (3)-year study with relevant requirements met.

A student may also obtain the Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke) after passing the National Test for Self-Taught Students with relevant requirements met.

**Graduation Certificate of Regular Course Education and Bachelor's Degree**

A senior secondary school graduate or a student with the equivalent education level, after passing the National College Entrance Examination and upon meeting the requirements for admission, may study at a higher education institution. The student may be awarded the Graduation Certificate of Regular Course Education upon completion of a four (4)-year higher education programme (in the case of Medicine, or certain other majors, a five (5)-year programme) with relevant requirements met, and may be awarded the Bachelor's Degree upon successfully meeting the degree requirements.

A Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke) holder or a student with the equivalent education level may also obtain the Graduation Certificate of Regular Course Education after passing the National Test for Self-Taught Students with relevant requirements met, and is entitled to apply for and be awarded the Bachelor's Degree after successfully meeting the degree requirements.

#### **Graduation Certificate (Master's Level) and Master's Degree**

A Bachelor's Degree holder or a student with the equivalent education level may be admitted to a Master's programme at a higher education institution or a research institute after passing the admission examination to study or research for two (2) or three (3) years, and be awarded the Graduation Certificate (Master's Level) with relevant requirements met, and the Master's Degree after successfully meeting the degree requirements.

A Bachelor's Degree holder may also, by means of part-time study, apply for and be awarded the Master's Degree after successfully meeting the degree requirements.

#### **Graduation Certificate (Doctoral Level) and Doctoral Degree**

A Master's Degree holder or a student with the equivalent education level may be admitted to a Doctoral programme at a higher education institution or a research institute after passing the admission examination to study or research for three (3) to four (4) years, and may be awarded the Graduation Certificate (Doctoral Level) with relevant requirements met, and the Doctoral Degree after successfully meeting the degree requirements.

A Master's Degree holder or a student with the equivalent education level may also apply for and be awarded the Doctoral Degree by means of part-time study leading to the successful achievement of the degree requirements.

Some higher education institutions or research institutes that have authority to award the Doctoral Degree offer integrated Master and Doctor Degree awarding programmes. A Bachelor's Degree holder who is enrolled in such programme may be awarded the Doctoral degree after at least five (5) years of study or research leading to the successful achievement of relevant requirements.

## **2. Higher education qualifications in the Republic of Iceland**

According to the National Qualification Framework of the Republic of Iceland, the higher education qualifications in Iceland include: Diploma, Bachelor's degree, Postgraduate Diploma, Candidatus degree, Master's degree and Doctoral degree.

### **Diploma**

A student who has passed the matriculation examination or with the equivalent education level, may apply for the study of a diploma programme in Iceland. Higher education institutions or individual faculties can make specific requirements regarding the combination and focus of the matriculation examination. The student may be awarded a Diploma upon successful completion of the study at this level for one (1) to two (2) years with 60-120 ECTS credits acquired and other study programme requirements fulfilled.

### **Bachelor's degree**

A student who has passed the matriculation examination or with the equivalent education level, may apply for the study at the First Cycle Programmes in Iceland. Higher education institutions or individual faculties can make specific requirements regarding the combination and focus of the matriculation examination. The student may be awarded a Bachelor's degree upon successful completion equivalent to a three-year (3) or four-year (4) study at this level with 180-240 ECTS credits acquired and other study programme requirements fulfilled.

A student who has completed a Diploma programme may add one year (1) of studies in his/her subject and graduate with a Bachelor degree.

### **Postgraduate Diploma (Qualification at Master Level)**

A student enrolling in studies in Second Cycle programmes shall have completed a Bachelor's degree. The student is expected to enrol in a study programme that builds on the learning outcomes he/she has acquired during studies at the bachelor level. The student can be awarded a Postgraduate



Diploma upon successful completion of 30 - 120 ECTS credits of an organised study programme of qualification at master level and other study programme requirements fulfilled.

#### **Candidatus degree (Qualification at Master Level)**

A student enrolling in studies in Second Cycle programmes shall have completed a Bachelor's degree. The student is expected to enroll in a study programme that builds on the learning outcomes he/she has acquired during studies at the bachelor level. The student can be awarded a Candidatus degree upon successful completion of 120 - 180 ECTS credits of an organised study programme of qualification at master level and other study programme requirements fulfilled.

#### **Master's degree**

A student enrolling in studies in Second Cycle programmes shall have completed a Bachelor's degree. The student is expected to enroll in a study programme that builds on the learning outcomes he/she has acquired during studies at the bachelor level. The student can be awarded a Master's degree upon successful completion of 90-120 ECTS credits of an organised study programme at master level and a research project of at least 30 ECTS credits is required.

#### **Doctoral Degree**

A student enrolling in studies at Third Cycle (PhD) programmes shall have completed a Master's degree or Candidatus degree. Higher education institutions or individual faculties in Iceland can demand a minimum grade and define specific requirements for admission and abilities of the student. A Doctoral degree can be awarded by a higher education institution where the holder has completed at least 180 ECTS credits of an organised study programme at doctoral level of study. A Doctoral degree shall include a research project that fulfils international criteria for a Doctoral thesis.

#### Article 4

##### *Access requirements for Icelandic students to Chinese higher education institutions or research institutes.*

1. The higher education institutions and research institutes in China retain the right to determine the qualifications, grades and examination results required to enter all courses of study according to their own regulations.
2. A student that has completed the Secondary and Post-Secondary Non-Tertiary Education in Iceland by passing the matriculation examination may be considered for admission to a higher education programme leading to the Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke) in China on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
3. A student that has completed the Secondary and Post-Secondary Non-Tertiary Education in Iceland by passing the matriculation examination may be considered for admission to a higher education programme leading to the Graduation Certificate of Regular Course Education and/or the Bachelor's Degree in China, on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
4. A student who has graduated from a diploma programme and is in possession of a Diploma in Iceland, may be considered for admission to a higher education programme leading to the Graduation Certificate of Regular Course Education and/or the Bachelor's Degree in China, on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
5. A holder of a Bachelor's Degree awarded by a recognised higher education institution in Iceland may be considered for admission to a higher education programme leading to the Graduation Certificate (Master's Level) and/or the Master's Degree in China, on condition that specific requirements of the admitting higher education institution or research institute are met.
6. A holder of a Candidatus Degree awarded by a recognised higher education institution in Iceland may be considered for admission to a higher education programme leading to the Graduation Certificate (Doctoral Level) and/or the Doctoral Degree in China, on condition that specific requirements of the admitting higher education institution or research institute are met.
7. A holder of a Master's Degree awarded by a recognised higher education institution in Iceland may be considered for admission to a higher education programme leading to the Graduation

Certificate (Doctoral Level) and/or the Doctoral Degree in China, on condition that specific requirements of the admitting higher education institution or research institute are met.

#### Article 5

##### *Access requirements for Chinese students to Icelandic higher education.*

1. The higher education institutions in Iceland retain the right to determine the qualifications, grades and examination results required to enter all courses of study according to their own regulations.
2. A senior secondary school graduate or a student with the equivalent education level from an officially-recognized education institution in China or elsewhere may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Diploma in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
3. A senior secondary school graduate or a student with the equivalent education level from an officially-recognized education institution in China or elsewhere may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Bachelor's Degree in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
4. A holder of a Graduation Certificate of Special Course Education (Zhuanke) or a student with the equivalent education level from a recognised education institution in China may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Bachelor's Degree in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
5. A holder of a Graduation Certificate of Regular Course Education and/or the Bachelor's Degree from a recognised higher education institution in China may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Postgraduate Diploma in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
6. A holder of a Graduation Certificate of Regular Course Education and/or the Bachelor's Degree from a recognised higher education institution in China may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Candidatus Degree in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
7. A holder of a Graduation Certificate of Regular Course Education and/or the Bachelor's Degree from a recognised higher education institution in China may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Master's Degree in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.
8. A holder of a Graduation Certificate (Master's Level) and/or the Master's Degree from a recognised higher education institution or research institute in China may be considered for admission to higher education study programmes leading to a Doctoral degree in Iceland on condition that specific requirements of the admitting higher education institution are met.

#### Article 6

##### *Compliance with national legislation.*

1. The recognition of certificates, degrees and qualifications provided for in this Agreement does not exempt the holders from the obligation to comply with the specific requirements relating to the admission to a higher education institution or research institute in which admission is requested.
2. The recognition of certificates, degrees and qualifications in regard to practice of profession is subject to the legislation of each of the Parties.

#### Article 7

##### *Updating of information.*

The Parties shall inform each other, through diplomatic channels, about changes to their respective state systems of education, certificates, degrees and qualifications, covered by this Agreement.

## Article 8

*Dispute resolution.*

Any dispute between the Parties arising out of the interpretation or application of this Agreement shall be settled amicably through consultations and negotiations between the Parties.

## Article 9

*Amendments.*

This Agreement may be amended by mutual consent of the Parties. The proposals for amendments are introduced through an Exchange of Notes between the Parties through diplomatic channels. The approved amendments shall form an integral part of this Agreement.

## Article 10

*Committee of experts.*

1. In order to facilitate the implementation of this Agreement, the Parties shall, through their respective executing authorities in the field of education, establish a Committee of Experts with the following terms of reference:
  - a. Discussion and clarification of issues arising from the interpretation or application of this Agreement; and
  - b. Preparation and discussion of proposals of amendments into the text of this Agreement.
2. The information on the composition of the Committee of Experts shall be communicated through diplomatic channels.
3. The Committee of Experts can be convened for its sessions upon the request of either Party. The venue and time of the session shall be agreed upon through diplomatic channels.

## Article 11

*Competent authorities.*

The competent authorities responsible for the implementation of this Agreement shall be:

- a. In the case of the Government of the People's Republic of China, the Ministry of Education of the People's Republic of China; and
- b. In the case of the Government of the Republic of Iceland, the Ministry of Education, Science and Culture of the Republic of Iceland.

## Article 12

*Entry into force and termination.*

1. This Agreement shall be concluded for an indefinite period of time and shall come into force on the first day of the second month following the date of receiving of the last written notification by which the Parties notify through diplomatic channels that all national legal conditions necessary for the Agreement to come into force have been fulfilled.
2. Either Party may terminate the Agreement by addressing the written notification to the other Party through diplomatic channels. In such case, the termination of the Agreement shall take effect six (6) months after the date on which the notice of termination was received by the other Party.
3. The termination of this Agreement shall not affect any decisions on recognition of higher education certificates, degrees and qualifications adopted prior to the termination of this Agreement, taken in accordance with the provisions of this Agreement.
4. The provisions of the Agreement shall be applicable to certificates, degrees and qualifications awarded by accredited higher education institutions and research institutes in the People's Republic of China and in the Republic of Iceland, after entry into force and prior to the termination of this Agreement.

IN WITNESS WHERE OF the undersigned, being duly authorised there to by their respective Governments have signed and sealed this Agreement in three (3) originals in Chinese, Icelandic and

Nr. 15

30. apríl 2021

English languages, all texts being equally authentic. In case of divergent interpretations between any of the texts, the English text shall prevail.

DONE at Beijing on May 13th in the year 2019.

For the Ministry of Education, Science  
and Culture of the Republic of Iceland:

Lilja Alfreðsdóttir

For the Ministry of Education  
of the People's Republic of China

Chen Baosheng.

---

C-deild – Útgáfud.: 27. maí 2021